

Priðjudaginn 2. apríl 1996.

Nr. 8/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnlaugi Halldóri Halldórssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 15. desember 1995, og krefst hann sýknu af refsí- og bótakröfum. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir lýsingu kæranda á atferli ákærða, en hún er studd framburði vitnis og öðrum gögnum. Þykir mega leggja frásögn stúlkunnar um atburði til grundvallar. Í ákæru er sagt, að ákærði hafi lagst ofan á stúlkuna, eftir að hún henti sér í götuna, en það samrýmist ekki frásögn hennar og vitnisins fyrir dómi. Ákærði kveðst ekki muna eftir atvikum vegna ölvunar, en hann hefur ekki vefengt frásögn stúlkunnar. Hins vegar hefur hann neitað því, að fyrir sér hafi vakað að nauðga henni.

Ákærði og stúlkun þekktust ekki fyrir, og gekk ákærði hana uppi, þar sem hún var á leið heim til sín síðla nætur. Hann greip um hana föstum tókum og ýtti henni á bekk í biðskýli. Í framhaldi þess fór hann með hendi inn fyrir föt stúlkunnar og þuklaði hana. Þá hóf hann að kyssa andlit hennar og sleikja það. Lét ákærði ekki af þessu, fyrr en stúlkunni tókst að slíta sig frá honum, er henni var að berast hjálp.

Af málsatvikum þykir óvarlegt að telja sannað, að ákærða hafi gengið annað og meira til en það, sem hann gerði og að framan er lýst. Ósannað er því, að ákærði hafi ætlað að þröngva stúlkunni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka í skilningi 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Ríkissaksóknara hefði verið rétt að ákæra til vara fyrir brot á 209. gr. al-

mennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, og 217. gr. sömu laga. Þar sem verknaðarlýsing í ákæru er því ekki í vegi, þykir með heimild í 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála mega heimfæra brot ákærða til 209. gr. almennra hegningarlaga, en vörn málsins hefur ekki verið áfátt að þessu leyti. Hins vegar verður 217. gr. laganna ekki beitt.

Þegar litið er til þess, hvernig ákærði framdi verknaðinn, og þess ofbeldis, er honum fylgdi, sbr. 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga, svo og með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir ekki ástæða til að haggja við niðurstöðu héraðsdóms um refsingu hans. Ákvörðun héraðsdóms um miskabætur verður einnig staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til.

Ákærði, Gunnlaugur Halldór Halldórsson, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 45.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 30. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1074/1995: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Halldóri Halldórssyni, sem tekið var til dóms 20. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. október sl., á hendur ákærða, Gunnlaugi Halldóri Halldórssyni, Maríubakka 6 í Reykjavík, fæddum 13. nóvember 1962, fæðingarnúmer 405.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir kynferðisbrot með því að reyna með ofbeldi að þröngva stúlkunni K til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka með því að hafa um kl. 4.30 aðfaranótt laugardagsins 22. júlí 1995 í og við strætisvagnaskýli við Norðurfell í Breiðholti, Reykjavík, gripið föstum tökum um upphandleggi stúlkunnar og þrýst henni niður á bekkinn í biðskýlinu og þar farið með höndina undir föt og

brjóstahaldara stúlkunnar og kysst hana og sleikt í framan, og er stúlkunni tókst að henda sér í götuna, lagst ofan á hana og haldið henni, uns vegfarandi kom stúlkunni til hjálpar.

Telst þetta varða við 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir héraðsdómslögmaður gerir þær kröfur í málinu fyrir hönd K ..., Reykjavík, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miska- og þjáningabætur, að fjárhæð 500.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 22. 7. 1995 til greiðsludags, þannig, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. 7. 1996, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða K málskostnað að skaðlausu að við bættum virðisaukaskatti á málskostnað, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991“.

Aðfaranótt laugardagsins 22. júlí sl. kl. 4.40 voru tveir lögreglumenn í Reykjavík sendir að boði stjórnstöðvar lögreglunnar að Iðufelli, en tilkynnt hafði verið, að stúlka hefði hringt dyrasíma í Iðufelli 4 og beðið um, að lögregla yrði send á staðinn. Þegar lögreglumennirnir komu þangað, sáu þeir, hvar hópur fólks stóð við Norðurfell við innkeyrslu á bifreiðastæði við Iðufell, og var manni haldið þar, en lögreglumönnum sagt, að maðurinn, ákærði Gunnlaugur Halldór Halldórsson, hefði reynt að nauðga stúlku, sem þarna var. Stúlkan, K, var í miklu uppnámi og grét mikið og var flutt í neyðarmóttöku vegna nauðgunarmáls.

Tekið var blóðsýni úr ákærða til alkóhólákvörðunar kl. 5.20 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,91‰.

Ákærði var færður í fangageymslu, en áður spurður um sakargiftirnar, og neitaði hann að hafa gert tilraun til nauðgunar.

Við skoðun á K hjá neyðarmóttökunni fundust ekki áverkar, en hún fann auman blett vinstra megin á hnakka. Þar sást þó ekki mar. K var að mati Rannveigar Pálsdóttur læknis í miklu tilfinningalegu uppnámi við komuna á neyðarmóttökuna. Grét hún og var með hraðan puls og hraða öndun.

Fatnaður K var rannsakaður, og fundust engar skemmdir á honum, sem rekja mætti til samskipta ákærða við hana.

Ákærði K og eitt vitni voru yfirheyrð við rannsókn málsins hjá rannsóknarlögreglu. Verður sá framburður ekki rakinn, enda í öllum meginatriðum á sama veg og við meðferð málsins, en gerð verður grein fyrir honum.

Ákærði kveðst muna lítið eftir atburðarás og vill halda því fram, að ekki hafi í huga hans búið að fremja nauðgun eða gera tilraun til slíks. Þá bendir ákærði á, að alkóhólmagn í blóði sínu bendi til þess, að hann hafi verið mjög ölvaður. Ákærði var við áfengisdrykkju á Feita dvergnum í Höfðabakka frá því síðla kvölds föstudaginn 21. júlí og fram á næstu nótt. Drakk ákærði mikið magn áfengis og man óljóst eftir ferðum sínum, eftir að hann yfirgaf Feita dverginn. Ákærði man, að hann kom á heimili móður sinnar um nóttina. Þá man hann eftir því, að hann kom heim til systur sinnar í Vesturbergi, en þar var honum ekki hleypt inn. Ákærði fór frá systur sinni og telur sig hafa gengið um Norðurfell. Hann man óljóst, að hann sá fólk hjá verslun í nágrenninu, en ekkert sérstaklega eftir því að hafa séð einhverja sérstaka stúlku. Næst man ákærði eftir sér, að hann lá á túni og að lögreglan kom á vettvang. Ákærði man ekki eftir neinum átökum á þessum slóðum, hvorki við kvenmann né karlmann. Ákærði kveðst mikið vera búinn að hugsa um þetta mál, en hann man ekkert eftir því að hafa í strætisvagnaskýli við Norðurfell haft þau afskipti af stúlku, sem nánar er gerð grein fyrir í ákæru. Ákærði telur, að hafi hann haft afskipti af stúlkunni, hafi það hvorki verið nauðgun né nauðgunartilraun, heldur fíflalæti og fyllirfisrugl, stundarbrjálæði.

Vitnið K var umrædda nótt eitt á ferð í Norðurfelli, en kvöldið áður og fram á nóttina hafði vitnið verið að skemmta sér og neytt einhvers áfengis, en var þó ekki ölvað. Fann það aðeins lítilla til áfengisáhrifa. Vitnið varð fyrst vart við það, þegar það var við biðskýli SVR við Fannarfell, að maður kom gangandi á eftir því. Kom maður þessi úr einhverju húsasundi. Vitnið sá, að maður þessi kastaði af sér vatni utan í grindverk og kallaði til vitnisins, að það skyldi bíða. Vitnið hundsaði þetta og hélt áfram og gekk fram hjá Gyðufelli og var komið að Iðufelli við Norðurfell, en við þá götu eru tvö biðskýli SVR hvort andspænis öðru. Rétt áður en komið var að biðskýlinu, var maðurinn farinn að grípa til vitnisins. Leist vitninu ekkert á þetta og reyndi að koma sér í burtu, en þá tókst manningum að grípa í vitnið og þrykkti því niður á bekk í biðskýlinu með því að halda um upphandleggi þess. Vitnið reyndi að tala við manninn, en hann hélt áfram um vitnið á þess að segja nokkuð. Þegar vitnið hafði reynt að tala við manninn árangurslaust í nokkur skipti, var eins og maðurinn herti tókin, og tók hann að sleikja vitnið í framan og auk þess að káfa frekar á því. Vitnið segir, að maðurinn hafi farið með aðra höndina upp undir skokk, sem vitnið var í, og káfað á því. Þá komst hann með höndina undir brjóstahaldarann og var að kyssa vitnið og sleikja í framan. Vitninu tókst í framhaldi af þessu að losna af bekknum og henti sér út á götuna. Þá var bifreið nýbúin að aka fram hjá.

Vitnið segir, að eftir að það henti sér út á götuna, hafi maðurinn ráfað um, en látið það afskiptalaust, þar sem það lá á götunni, en rétt á eftir kom maður vitninu til hjálpar, og hafði hann verið í bifreiðinni, sem ók fram hjá. Vitnið segir að maðurinn hafi komið áráðarmanninum í götuna, og sagði hann vitninu að hringja á lögreglu. Fór vitnið að „blokk“ við Íðufell og hringdi þar dyrabjöllu og bað um, að hringt yrði á lögreglu. Birtist hún fljótlega, og var áráðarmaðurinn afhentur lögreglunni, en á meðan vitnið var að láta ná til hennar, kom fleira fólk á vettvang. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir því, hvort áráðarmaðurinn reyndi að færa það úr fötunum. Vitnið segir, að áráðarmaðurinn hafi fyrst lagt á það hendur, þegar þau voru stödd við umrætt biðskýli, og hrint því inn í það. Vitnið kveðst fyrst hafa reynt að tala við manninn, þegar það gerði sér grein fyrir því, að hann hefði í hyggju að nauðga því. Vitnið man ekki það, sem eftir því er haft hjá lögreglu, að maðurinn hafi lagst ofan á það, eftir að það var komið út á götuna.

Vitnið kveðst hafa orðið eftir sig andlega eftir atburðinn og hugsaði um hann fyrst á eftir, en vitnið var atvinnulaust, þegar atburðurinn gerðist. Það fékk vinnu í ágúst og fór þá að hugsa minna um þetta. Það kveðst hafa gengið til sálfræðings og læknis til að leita aðstoðar, og sé andlegt heilsufar svona upp og ofan, og er vitnið ekki búið að jafna sig að fullu og hefur ekki getað hugsað sér fram undir þetta að vera með karlmanni. Vitnið telur, að háttsemi ákærða hafi staðið yfir í allt að 10 mínútur, en ekki vill vitnið fullyrða um tímann. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki, svo að það muni, þuklað á því nöktu annars staðar en á brjóstum, og ekki man vitnið, hvort ákærði tók á buxum þess, en vitnið var í nærbuxum, sokkabuxum og stuttbuxum. Vitnið segir, að ákærði hafi aldrei svarað því, og kom ekkert fram hjá honum í orðum um það, hvað honum gengi til með háttsemi sinni. Vitnið sá ekki, að ákærði gerði eitt eða annað til að fækka fötum eða taka lim sinn út úr buxum sínum.

Vitnið Pröstur Grímsson, Möðrufelli 3 í Reykjavík, ók um Norðurfell síðla umrædda nótt og tók þá eftir manni og konu inni í biðskýli SVR á móts við Íðufell. Vitninu sýndist maðurinn halda konunni, og því sneri vitnið við og ók til baka. Þá sá vitnið, að maðurinn hélt konunni, sem var á bekknum uppi í horninu, þó ekki liggjandi, en maðurinn hallaðist yfir hana. Í fyrstu virtist vitninu eins og maðurinn lægi ofan á konunni, og þannig mun vitnið hafa lýst þessu hjá rannsóknarlögreglu. Þegar vitnið stöðvaði bifreiðina, stóð maðurinn upp og gekk áleiðis í burtu, en konan, sem reyndist ung stúlka, kom hlaupandi til vitnisins og sagði, að maðurinn hefði reynt að nauðga sér, og bað vitnið um hjálp. Þá sagði stúlkan við vitnið, að það mætti ekki láta manninn sleppa, því að hún ætlaði að kæra hann. Vitnið

sagði stúlkunni að leita eftir lögregluaðstoð með því að fara að „blokkunum“ við Íðufell, en sjálf tók vitnið á eftir manningnum, sem aðeins var kominn stutt í burtu, og náði honum fljótlega. Vitnið reyndi að tala manninn til og fá hann til að bíða, en tókst ekki, og ætlaði hann að halda áfram, en vitnið greip í hann og henti honum niður í grasið, þar sem þeir voru, og beið þar eftir lögreglunni. Vitnið hélt manningnum í fyrstu eitt, en svo komu einhverjir í bifreið, sem aðstoðuðu vitnið, en vitnið náði að stöðva bifreiðina. Vitninu virtist maðurinn mikið ölsaður. Vitnið segir, að stúlkan hafi aðeins haft orð á því, að maðurinn hefði reynt að nauðga sér, en ekki hafði hún fleiri orð um það né lýsti því frekar. Þá var hún grátandi, þegar vitnið kom á staðinn, og mjög hrædd. Vitnið segir, að stúlkan hafi ekki legið í götunni, þegar það kom á vettvang, og sá það hana ekki liggja þar. Vitnið segir, að því hafi komið það svo fyrir sjónir, þegar það sá stúlkuna og manninn inni í skýlinu, að stúlkan væri að reyna að losna frá honum. Vitnið gat ekki séð, að losað hefði verið um fót stúlkunnar eða mannsins, þegar það sá þau fyrst.

Vitnið Rannveig Pálsdóttir lækni, Nóatúni 35 í Reykjavík, staðfestir, að það hafi tekið á móti K, þegar hún kom á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans umrædda nótt. Vitnið gerði skýrslur um afskipti deildarinnar af K umrætt sinn og hefur staðfest þær. Vitnið sá K fimm dögum eftir atburðinn og sá þá, að marblettir voru á upphandleggjum hennar.

Vitnið Steinn Kristján Ómarsson lögreglumaður, Vesturgötu 53 í Reykjavík, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana. Vitnið segir, að stúlkan hafi verið mjög æst og í miklu uppnámi og grátandi, þegar vitnið sá hana fyrst á vettvangi, en eitt fyrsta verk þess á staðnum var að róa hana.

Ákærði ber fyrir sig minnisleysi vegna ölvunar og vill halda því fram, að hann hafi ekki ætlað að nauðga stúlkunni. Með framburði stúlkunnar og vitnisins Prastar er sannað þrátt fyrir framburð ákærða, sem ekki getur borið um málsvik vegna ölvunar, svo og með framburði vitnisins Steinars Kristjáns, sem borið hefur um ástand stúlkunnar á vettvangi, og vitnisins Rannveigar um ástand stúlkunnar við komu á neyðarmóttökuna, að ákærði hafi gerst sekur um tilraun með ofbeldi til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka við stúlkuna, og er þetta rétt fært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hlaut árið 1983 sektardóm og ævilanga ökuleyfisvippingu fyrir ölvunarakstur, og árið 1984 var hann dæmdur í 30 daga skilorðsbundið varðhald og sekt fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum. Í júní 1988 var hann dæmdur í þriggja mánaða skilorðs-

bundið fangelsi fyrir þjófnaðarbrot og fjársvik og í febrúar 1991 í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir hótelsvik. Enn var ákærði dæmdur í nóvember 1983 í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjársvik. Loks var ákærði dæmdur 25. ágúst 1994 í fjögurra mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna, fyrir fjársvik. Var refsingin samkvæmt skilorðsdóminum næst á undan felld inn í refsinguna. Auk þessa hefur ákærði þrettán sinnum frá árinu 1980 sæst á sektargreiðslur fyrir ýmis brot gegn almennum hegningarlögum, áfengislögum og umferðarlögum. Í tvö af þessum þrettán skiptum, árið 1990 og aftur árið 1991, gekkst ákærði undir að greiða sektir fyrir brot á lögum um vernd barna og ungmenna og í fyrra skiptið auk þess fyrir brot á 209. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða verður ákveðin annars vegar með hliðsjón af því, að ákærði er sakfelldur fyrir tilraun til alvarlegs brots og vegna sakaferils hans, en hins vegar er til þess að líta, að tilraun ákærða var skammt á veg komin. Þá ber að fella inn í refsinguna skilorðshluta dómsins frá 25. ágúst 1994, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda vegna sakaferils ákærða.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af bótakröfu þeirri, sem uppi er höfð í málinu og er tvíþætt, annars vegar bætur til stúlkunnar og hins vegar málskostnaðarkrafa hennar. Þar sem ákærði er sakfelldur, ber hann einnig bótaskyldu í málinu. Eins og fram kemur í ákæru, er krafist 500.000 króna í miska- og þjáningarbætur auk vaxta og málskostnaðar, eins og nánar kemur fram í kröfunni. Miska- og þjáningarbætur til K þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá brotadegi, 22. júlí 1995, til greiðsludags og 40.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 40.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 40.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns.

BJÖRN HELGASON saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Halldór Halldórsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði K 200.000 krónur í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. júlí 1995 til greiðsludags og 40.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 40.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 40.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns.
